

## **Endurgreiðsla á framlögum í jafnvægis-, lífeyrisauka, og varúðarsjóði A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna aðila að meirihluta fjármagnaðir af ríkissjóði.**

Þann 19. september 2016 undirrituðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga samning um lífeyrismál (hér eftir samningurinn). Samningurinn var gerður með vísan til laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og með vísan til samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2017-2021 frá 18. apríl 2016 og breytinga á fyrirkomulagi lífeyrismála opinberra starfsmanna, sem síðar komu til framkvæmda með lögum nr. 127/2016 um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, sem samþykkt voru á Alþingi 22. desember 2016, sbr. og bráðabirgðaákvæði XVIII við lög nr. 129/1997.

Í 5. gr. samningsins var fjallað um uppgjör vegna skuldbindinga sem myndast hjá A deild Brúar lífeyrissjóðs, kt. 491098-2529. Þar skuldbatt ríkissjóður sig til þess að greiða um 900 m.kr. framlag til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna skuldbindinga aðila sem að meirihluta eru fjármagnaðir af ríkissjóði. Þann 21. nóvember 2017 reiddi ríkissjóður af hendi greiðslu til A deildar Brúar lífeyrissjóðs að fjárhæð 1.169,1 m.kr. vegna skuldbindinga aðila sem að meirihluta eru fjármagnaðir af ríkissjóði, á grundvelli áætlunar.

Þegar uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lá fyrir um áramótin 2017/2018 varð ljóst að óuppgerðar voru til viðbótar skuldbindingar vegna samningsins sem féllu efnislega undir framangreint ákvæði, einkum vegna starfrækslu hjúkrunarheimila. Vegna þessa hófst upplýsingaöflun hjá sveitarfélögum um umfang skuldbindinga vegna starfsemi sem að meirihluta væri fjármögnuð af ríkissjóði. Forsendum þess er lýst í bréfi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. desember 2018 til fjármála- og efnahagsráðuneytis um uppgjör skv. 5. gr. samnings ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19. september 2016.

Gengið hefur verið frá samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Brúar lífeyrissjóðs um viðbótargreiðslu til A deildar sjóðsins vegna aðila að meirihluta fjármagnaðir af ríkissjóði. Í 1. gr. samkomulagsins kemur fram að hafi hlutaðeigandi sveitarfélög eða launagreiðendur þegar greitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs endurgreiðir sjóðurinn þeim á grundvelli samkomulags þar um við hlutaðeigandi.

Greiðsla ríkisins vegna framlags Garðabæjar kt. 570169-6109 vegna Ísafoldar í jafnvægisjóð A deildar Brúar lífeyrissjóðs nam kr. 10.967.578 og endurgreiðir sjóðurinn þá fjárhæð inn á bankareikning sveitarfélagsins nr. \_\_\_\_\_. Sveitarfélagið lýsir því yfir að engar frekari kröfur verða gerðar á hendur Brú lífeyrissjóði vegna þessa uppgjörs..

\_\_\_\_\_  
Dagsetning

\_\_\_\_\_  
F.h. Garðabæjar

\_\_\_\_\_  
F.h. Brúar lífeyrissjóðs